

# Yfirlýsing

## um náttúruvættið Kaldárhraun og Gjárnar í upplandi Hafnarfjarðar.

### 1. gr.

#### *Um friðlýsinguna.*

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, er samþykktur tillögu um að friðlýsa Kaldárhraun og Gjárnar, þ.e. Norðurgjá, Suðurgjá og Lambagjá, sem náttúruvætti, skv. 2. tölulið 53. greinar laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Kaldárhraun er heillegt og óraskað helluhraun á vinsælu útivistarsvæði við Helgafell, en upptök hraunsins eru í gígum austan við norðurenda Gvendarselshæðar. Kaldárhraun er eitt síðasta dæmið um heillegt og óraskað helluhraun í landi Hafnarfjarðar og er fræðslu- og útivistargildi svæðisins metið hátt. Á svæðinu eru fornminjar sem tengjast selbúskap, m.a. gömul gata, Kaldárstígur. Stærð hins friðlýsta svæðis er 207,1 hektari.

### 2. gr.

#### *Markmið friðlýsingarinnar.*

Markmið með friðlýsingu Kaldárhrauns og Gjánna sem náttúruvættis er að vernda helluhraunsmýndun og fagrar klettamyndanir í vestari hrauntröðinni frá hinni kunnu eldstöð Búrfelli.

### 3. gr.

#### *Mörk náttúruvættisins.*

Mörk náttúruvættisins afmarkast af eftirfarandi ISN-93 hnitum og eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti:

Hnit	X	Y	Hnit	X	Y	Hnit	X	Y
1	356974	394566	13	360086	394499	25	359076	393617
2	357068	394629	14	360019	394382	26	358673	393626
3	357420	394640	15	360005	394233	27	358445	393903
4	357589	394791	16	359939	394213	28	358250	393909
5	357906	394697	17	359854	394240	29	357827	394094
6	358328	394240	18	359719	394389	30	357580	394000
7	358791	394772	19	359600	394234	31	357501	394094
8	359451	394658	20	359424	394230	32	357562	394290
9	359519	394584	21	359387	394165	33	357446	394445
10	359986	394782	22	359691	393925	34	357128	394348
11	360300	394705	23	359473	393517	35	356964	394388
12	360326	394570	24	359113	393518			

Lóð fristundahúss sem er innan útmarka náttúruvættisins er undanskilin friðlýsingunni.

### 4. gr.

#### *Umsjón náttúruvættisins*

Umsjón og rekstur náttúruvættisins skal vera í höndum umhverfisnefndar Hafnarfjarðarbæjar, samkvæmt samningi Umhverfisstofnunar og Hafnarfjarðarbæjar sem umhverfisráðherra staðfestir. Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndaráætlunar fyrir náttúruvættið í samráði við Hafnarfjarðarbæ, sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

5. gr.

*Umferð um náttúruvættið.*

Almenningi er heimil för um náttúruvættið, enda sé gætt góðrar umgengni. Í samræmi við samþykkt um hundahald er óheimilt að hafa hunda í náttúruvættinu án fylgdar og tryggrar stjórnar. Akstur vélknúinna farartækja utan akvega er óheimill í náttúruvættinu.

6. gr.

*Verndun jarðmyndana, gróðurs, dýralífs og menningarminja.*

Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í náttúruvættinu. Einnig er þar óheimilt að spilla gróðri og trufla dýralíf og eru skotveiðar bannaðar. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt menningarminjar á hinu friðlýsta svæði.

7. gr.

*Landnotkun og mannvirkjagerð.*

Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Hafnarfjarðarbæjar og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun. Gert er ráð fyrir að gömlum stígum og vegum verði viðhaldið sem gönguleiðum og einnig að fjölga merktum og stikuðum gönguleiðum og stígum um svæðið sem tengst geta öðrum gönguleiðum um uppland Hafnarfjarðar.

8. gr.

*Undanþágur.*

Umhverfissráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar Hafnarfjarðarbæjar, veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum gangi það ekki gegn markmiðum friðlýsingarinnar.

9. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, skv. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

10. gr.

*Gildistaka.*


Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 3. apríl 2009.*

**Lúðvík Geirsson**  
Bæjarstjóri

Vottar: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

## Uppdráttur af náttúruvættinu Kaldárhrauni í Hafnarfirði.



## Gjárnar og hraunið við Kaldá, náttúruvætti

í upplandi Hafnarfjarðar

Afmörkun svæðis:	hnit	x	y	hnit	x	y	hnit	x	y
Hnit ISN-93	01	356974	394566	13	360086	394499	25	359076	393617
Stærð: 208,9 ha	02	357068	394629	14	360019	394382	26	358673	393626
Núverandi lóð innan náttúruvættisins er undanskilin þessari friðlýsingu.	03	357420	394640	15	360005	394233	27	358445	393903
	04	357589	394791	16	359939	394213	28	358250	393909
	05	357906	394697	17	359854	394240	29	357827	394094
	06	358328	394240	18	359719	394389	30	357580	394000
	07	358791	394772	19	359600	394234	31	357501	394094
	08	359451	394658	20	359424	394230	32	357562	394290
	09	359519	394584	21	359387	394165	33	357446	394445
Friðlýsingarmörk	10	359986	394782	22	359691	393925	34	357128	394348
Akvegir	11	360300	394705	23	359473	393517	35	356964	394388
Lóðamörk	12	360326	394570	24	359113	393518			

0 500 1000 2000 M

1: 30.000



Kortagerð: Landslag ehf.  
28. maí 2008